

Glaðheimar - Vesturhluti

Umsögn um deiliskipulagstillögu

Umhverfissvið Kópavogs hefur óskað eftir umsögn okkar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Glaðheimasvæði – Vesturhluta.

Í öllum meginatriðum er skipulagið vel útfært að okkar mati. Um er að ræða fremur þétt borgarskipulag en vel hefur verið hugað að góðu jafnvægi milli bygginga og opinna svæða. Afstaða bygginganna og fjarlægð milli þeirra er með þeim hætti að það virðist vera hægt að hanna bjartar og góðar íbúðir á byggingareitina.

Hæðir húsa eru í mörgum tilfellum hærri en gengur og gerist í hverfum bæjarins en húsini falla engu að síður vel að þeirri byggð sem er í nánasta umhverfi.

Huga þarf vel að skuggavarpi húsa til að tryggja að allar íbúðir njóti góðra birtuskilyrða. Einnig þyrfti að huga vel að hljóðvíst í þeim húsum sem standa næst Reykjanesbrautinni en það er vel leysanlegt með byggingatæknilegum lausnum.

Vel virðist hafa verið hugað að því að hafa hæfilega mikið af verslunar- og þjónusturýmum til að stuðla að sjálfbærni hverfisins auk þess sem mikil þjónusta er í Smáranum hinum megin við Reykjanesbrautina. Göngutengingar um svæðið eru prýðilega útfærðar og ætti hverfið að vera aðlaðandi fyrir gangandi og hjólandi.

Vanda þarf til útfærslu á göngubru yfir Reykjanesbraut til að tryggja að sú gönguleið verði aðlandi.

Aksturstengingar um svæðið sem og til og frá svæðinu eru einnig vel útfærðar. Huga þyrfti að útfærslu bílastæða á yfirborði til að draga úr sjónrænu umfangi þeirra. T.d. væri hægt að vinna með grasstein eða jarðvegsnet (eco-raster) til að gefa bílastæðum grænt yfirbragð. Einnig mætti skoða að nota hlýleg yfirborðsefni á götur að hluta, s.s. hellur.

Samantekt

Skipulagstillagan leggur að okkar mati drög að aðlaðandi og góðri íbúðabyggð með góðu jafnvægi milli bygginga og opinna svæða. Huga þyrfti að atriðum eins og yfirborðsefnum gatna, skuggavarpi og útfærslu tengingar yfir Reykjanesbraut.